

REGLUGERÐ

um hámarkstölu vörubifreiða í Skagafjarðarsýslu og Sauðárkrókskaupstað.

1. gr.

Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu og bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar geta að fengnum tillögum Vörubílstjórafélags Skagafjarðar og með samþykki samgöngumálaráðuneytisins ákveðið hámarkstölu þeirra vörubifreiða í Skagafjarðarsýslu og Sauðárkrókskaupstað, sem nota má til aksturs fyrir almenning gegn borgun.

2. gr.

Áður en sýslunefnd og bæjarstjórn ákveða hámarkstölu samkvæmt 1. gr., skal félagið láta þeim í té skýrslu um atvinnuhorfur stéttarinnar, og skal þar einnig greint frá, hvort fækkað hafi í stéttinni á s. l. 12 mánuðum og ef svo er, þá um hve marga, og hve margar inntökubeiðnir hafa borizt félaginu, svo og öðru því er máli skiptir. Enn fremur skal félagið láta sýslunefnd og bæjarstjórn í té rökstudda tillögu um hámarkstölu vörubifreiða á næsta tímabili, sbr. 3. gr.

Áður en sýslunefnd og bæjarstjórn ákveða hámarkstölu, skulu þær leita álits samtaka vinnuveitenda um málið.

3. gr.

Í októbermánuði ár hvert taka sýslunefnd og bæjarstjórn ákvörðun um, hver hámarkstalan skuli vera, og má hún aldrei vera lægri en tala starfandi vörubifreiða hjá Vörubílstjórafélagi Skagafjarðar 1. þess mánaðar. Ákvörðun samkvæmt 1. málsgrein gildir í eitt ár í senn, frá 1. nóvember til jafnlengdar næsta ár.

4. gr.

Stjórn félagsins er skylt að veita sýslunefnd og bæjarstjórn allar þær upplýsingar, sem sýslunefnd og bæjarstjórn telja nauðsynlegar í sambandi við framkvæmd samþykktar þessarar.

Ef atvinnuástand breytist verulega á tímabilinu, getur sýslunefnd og bæjarstjórn breytt ákvörðun um hámarkstölu, að fengnum tillögum þeirra aðila, er getur um í 2. gr. og samþykki samgöngumálaráðuneytisins.

5. gr.

Samþykkt þessi tekur ekki til sendibifreiða né vörubifreiða, sem eru í eigu einstakra atvinnufyrirtækja og hafa ekki aðild að Vörubílstjórafélagi Skagafjarðar. Ef ágreiningur rís um, hvort bifreið skuli teljast vörubifreið eða sendiferðabifreið samkvæmt samþykkt þessari, skera sýslunefnd og bæjarstjórn úr því.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 1 31. janúar 1966, um leigubifreiðar, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 24. nóvember 1967.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.